



**Aðalfundur aðalstjórnar UMFN, þann 10.4.2019 kl. 20:00 í
Íþróttamiðstöð Njarðvíkur**

Mættir voru: Einara L. Kristjánsdóttir, Ólafur Eyjólfsson, Jenný L. Lárusdóttir og Thor Hallgrímsson úr stjórn félagsins ásamt 23 öðrum gestum.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur
 - Kosning fundarstjóra
 - Kosning fundarritara
 - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
 - Ávarp formanns
 - Reikningshald aðalstjórnar og deilda, vegna ársins 2017, lagt fram til samþykktar
 - Lagabreytingar
2. Heiðursviðurkenningar
3. Ávarp gesta
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
 - a. Kosinn formaður
 - b. Kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára
 - c. Kosnir 2 menn í varastjórn til eins árs
 - d. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara
5. Önnur mál
6. Fundarslit

1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn og stingur upp á Böðvari Jónssyni sem fundarstjóra, það er samþykkt samhljóða.

Böðvar leggur til að Jenný L. Lárusdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Hann fer svo yfir dagskrá fundarins.

Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram og samþykkt samhljóða.

Ólafur formaður kemur í pontu. Ólafur fór yfir starfsemi aðalstjórnar árið 2018.

Hann ræddi um að fundað hefði verið með bæjarstjóra og fulltrúum íþróttamála hjá Reykjanesbæ varðandi nýja aðstöðu félagsins sem samþykkt hefur verið af félagsmönnum að verði við Afreksbraut, og ekki var illa tekið í það en engan veginn hægt að segja hvenær hægt væri að hefja framkvæmdir, og minntist Ólafur sérstaklega á bága aðstöðu knattspyrnudeildarinnar hvað varðar íþróttavallarhús.

Þá minntist hann á landsmót UMFÍ sem fór fram á Sauðárkróki samhliða 50+, en dræm þátttaka var af okkar hálfu þar, en á unglingslandsmótið í Þorlákshöfn var gríðarlega vel mætt. Ýmsar nýjungar voru á báðum mótum og þá sérstaklega stóra landsmótinu sem þóttu takast vel. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á þessi mót á vegum UMFÍ og eiga góða stund saman.

Sport og ævintýraskólinn sem starfar yfir sumartímenn hefur gengið vel eins og undanfarin ár og var þetta í 10. skiptið sem skólinn starfar.

UMFÍ boðaði til samráðsfundar í jan. 2019 og var eina málið á dagskrá tillaga um „aðild íþróttabandalaga að UMFÍ“ og var samþykkt að halda áfram vinnu við málið. Þorrablótið var haldið í Ljónagryfjunni níunda árið í röð, 450 manns sóttu blótið sem þótti takast mjög vel. Vinna við næsta mót er nú þegar hafin.

Að lokum þakkar hann stjórnarmönnum og öllum sjálfboðaliðum frábært starf, án þeirra væri félagið ekki á þeim stað sem það er í dag.

Guðni Gunnarsson kemur í pontu og fer yfir ársreikning félagsins. Það er rekstarhagnaður upp á rúmlega 2.7 millj. króna. Staða félagsins er afar góð. Hann býður fundargestum að spyrja út í ársreikninginn eða koma með fyrirspurnir. Engar spurningar koma fram.

Böðvar býður fundargestum að taka til máls varðandi ársskýrsluna eða ársreikningana. Engin óskar eftir að taka til máls.

Ársreikningur UMFN er samþykktur samhljóða.

Engar lagabreytingar lágu fyrir.

2. Eftirfarandi aðilum er veitt;

Gullmerki fyrir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið

- Ólafur Eyjólfsson

Silfurmerki fyrir 15 ára starf eða keppni fyrir félagið

- Thor Hallgrímsson

Bronsmerki fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið

- Harpa Kristín Einarsdóttir
- Guðný Björg Karlsdóttir

Ólafur Thordersen yngri kemur í pontu til að afhenda Ólafsbikarinn. Hann hlýtur Harpa Kristín Einarsdóttir fyrir störf sín hjá sunddeild UMFN, þar sem hún hefur setið í stjórn í 12 ár og þaraf 5 ár sem formaður sunddeildarinnar.

3. Böðvar býður fundargestum að taka til máls.

Helga Jóhannesdóttir í stjórn UMFÍ kemur í pontu. Hún óskar félaginu til hamingju með 75 ára afmælið skilar kveðju frá formanni og starfsfólki.

Hún fer síðan lauslega yfir það sem er á döfinni hjá UMFÍ, sambandsþingið verður í haust og verður að Laugarbakka í Miðfirði. Hún bendir einnig á að nýta sér alla þá aðstoð sem hægt er hjá þjónustufólki UMFÍ og sömuleiðis hvetur hún félagið til að sækja um styrki á vegum UMFÍ, Rannís og Evrópusambandsins en það hefur því miður þurft að skila þangað ónýttum styrkjum. Hreyfivika verður í byrjun júní.

Íþróttá- og tómstundabúðir fara fram núna í fyrsta skipti á Laugarvatni. Farið verður til Danmerkur í sumar í kynningarferð.

Helga afhenti síðan formanni áritaðan platta í tilefni afmælisins ásamt blómum.

Þá kom í pontu Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ og ræddi um tilgang og stofnun fyrirmyndarféлага. UMFN var valið af hálfu ÍSÍ í byrjun árið 2002-2003, þá hafið verið þrjár deildir hjá UMFN sem fá síðan fyrstu viðurkenningar

sem fyrirmyndardeildir ÍSÍ. Hann kom einnig inná það þegar húsið var vígt, í kringum 1970 að hann minnti, þó kom hann og man að húsið var glæsilegt á þeim tíma, en þá var viðbótin ekki komin, þar sem er okkar félagsaðstaða.

Hann talar sérstaklega um nauðsyn þess að halda á lofti því sem vel er gert hjá íþróttahreyfingunni allri, passa að einblína ekki á það þegar allt gengur ekki eins vel og vonir stóðu til, það sé hluti af allri keppni.

Fundarstjóri ákvað að hafa smá kaffihlé, og að því loknu þá kom ungur nemandi frá tónlistarskóla Reykjanesbæjar og spilaði eitt laga fyrir gesti á harmonikku.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar óskar félaginu til hamingju með afmælið og nefnir einnig að á þessu ári séu mörg félög stofnuð, t.d. Reykjanesbær sem verður 25 ára 11.6.n.k. og Keflavík íþrótt- og ungmennafélag fagnar 90 ára afmæli í haust. Hann talar um að ungmennafélög hafi verið máttarstólpar samfélagsins á árum áður, ekki hafi bara verið stundaðar íþróttir, heldur ýmislegt annað, t.d. málfundir, leikfélög og þ.h. Einnig minnst hann á nýtt íþróttahús fyrir UMFN sem hann lofar að verði einhvern tímann byggt, þó sennilega ekki á hans tíma. Vilji bæjaryfirvalda er til að viðhalda og byggja upp það mikilvæta starf sem íþróttahreyfingin sinnir og er ómissandi þáttur í bæjarfélaginu.

Rúnar V. Arnarson formaður ÍRB, óskar félaginu til hamingju með stórt og öflugt félag sem alið hefur marga frábæra íþróttamenn í gegnum tíðina. Minnst á aðstöðu félagsins og nauðsyn þess að halda áfram að sækja á hvað það varðar. Hann talar einnig um hvað erfitt sé að fá fólk í stjórnir í sjálfboðavinnu og því sé nauðsynlegt að fleiri séu í launuðum stöðum.

4. Kosningar;

- a. Ólafur Eyjólfsson býður sig fram til formanns og er kosinn samhljóða
- b. Einara Lilja Kristjánsdóttir og Jenný L. Lárusdóttir bjóða sig fram til tveggja ára stjórnarsetu og eru kosnar samhljóða.
- c. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og Thor Hallgrímsson bjóða sig fram til varamanna stjórnar og eru kosin samhljóða.
- d. Kristín Örlygsdóttir og Valþór Söring bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga og Ingigerður Sæmundsdóttir til vara og eru þau öll kosin

samhljóða.

5. Böðvar býður fundargestum að taka til máls.

Ólafur Eyjólfsson þakkar fyrir kosningu sína og stjórnarinnar. Hann sagði frá því að í tilefni 75 ára afmælis félagsins hafi stjórnin ákveðið að uppfæra félagsalinn með því að skipta út öllum borðplötum sem voru orðnar mjög daprar og svo er verið að taka Bogann í gegn, mála og breyta þar inni. Síðan kom hann inná það hvort við ættum að breyta nafni félagsins og láta það heita Njarðvík, það yrði þá annaðhvort Njarðvík ungmenna- og íþróttafélag, eða Njarðvík íþrótta- og ungmennafélag. Það er alltaf bara Njarðvík þegar verið er að tala um félagið og reyndar er Njarðvík sem bæjarfélag ekki lengur til, heldur er þetta bara hverfið okkar. Þetta er svona til umhugsunar fyrir félagsmenn. Síðan var smá umræða um þetta og talað sérstaklega um að allar deildir noti Njarðvík í forgrunni það hefur stundum verið misbrestur á því, þá sérstaklega hjá þeim deildum sem kenna sig við annað nafn, t.d. Massi sem er lyftingadeildin og Sleipnir sem er júdódeildin.

Árni formaður knd tók undir orð Rúnars varðandi launað starf hjá deildum, það væri afar mikilvægt, einnig að halda áfram að ýta á bæjarstjórn með að fá framtíðaraðstöðu okkar við Afreksbrautina sem allra fyrst.

Ólafur sagði að t.d. væri mjög góð leið til að bæta við starfsmanni að fjölga félögum í deildinni, við þyrftum að leggjast á eitt að auka félagafjöldann, það eykur lottótekjur félagsins. Það þyrfti að gera þetta markvisst, ganga í hús og bjóða fólki að gerast félagar.

6. Fundarstjóri þakkaði gestum fundarsetuna og þeim sem til máls tóku, og sagði fundi slitið kl. 21:30.

Ritari.